

**Nd. 186. Breytingartillögur**

við frv. til laga um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 3. gr. Orðin „Með reglugerð . . . renni til þeirra“ í 3. málsg. falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin setur nánari fyrirmæli í reglugerð um efni þau, er í lögum þessum greinir, þar á meðal um úthlutun innflutnings og um gjaldeyrisleyfi, um gjaldeyrisverzlun, um eftirlit tollmanna til varnar við útflutningi innlends og erlends gjaldmiðils og til tryggingar því, að íslensk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyri, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.